



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2018

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (skipan í stjórn, brottfall ákvæða), 452. mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 12. apríl sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál en frumvarpið felur í sér tvenns konar breytingar á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Er þar annar vegar um að ræða fækkun á varamönnum í stjórn sjóðsins úr sjö í tvo en reynslan hefur sýnt að ekki er þörf fyrir nema tvo varamenn. Hins vegar er lagt til að felld verði brott ýmis ákvæði í lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda sem eru efnislega samhljóða almennum ákvæðum lífeyrissjóðalaganna en sjóðurinn starfar að meginstefnu til á sama hátt og aðrir lífeyrissjóðir.

Málið hefur verið unnið í fullu samráði við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og styðja LL frumvarpið og vonast til að það verði að lögum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri